



Fundargerð:

Símafundur var haldinn í stjórn SSA föstud. 9. sept. 2011. Hófst kl. 12:00. Í símasambandi voru: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Stefán Bogi Sveinsson, Sigrún Blöndal, Þórunn Egilsdóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir. Einnig sátu fundinn framkvæmdastjórnar Fljótsdalshrepps og Borgarfjarðarhrepps, Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Jón Þórðarson, sbr. dagskrárlið 1 á fundi stjórnar SSA 6. sept. 2012. Ennfremur tók þátt í fundinum Ólafur Áki Ragnarsson, verkefnastjóri hjá ÞFA. Valdimar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSA frá 6. sept. 2011. Ganga þarf endanlega frá fundargerðinni, sem legið hefur fyrir í drögum frá 7. sept. Ákveðið var að gefa þeim sem sátu þann fundi frest til kl. 12:00 þriðjud. 13. sept. til að gera aths. við fyrirbyggjandi drög. Frkvstj. mun senda út til stjórnar aths. ef berast, verði þær ekki sendar beint til allra hlutaðeigandi frá þeim, sem þær gerir.
2. Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 9. sept. 2011.
Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga til stjórnar SSA:
„Tillaga framkvæmdaráðs SSA til stjórnar SSA um forgangsröðun verkefna innan landshlutans vegna fjárfestingaráætlunar ríkisins árið 2012.
Tillagan byggir á þeim verkefnum sem sveitarfélög á Austurlandi skiluðu til SSA í aðdraganda ákvörðunar, áherslum sem fram komu á síðasta fundi stjórnar SSA 6. september sl. og áherslum síðasta aðalfundar SSA. Verkefnin sjö og röð þeirra eru eftirfarandi að gerðri breytingu á upptalningu á jarðgöngunum þremur eins og hún var í drögum í upphafi fundarins:
 1. Jarðgangnagerð – þörf er á verulegri fjárfestingu í gerð jarðgangna í fjórðungnum. Þessi fjárfesting má ekki verða á kostnað annarra fjárfestinga í vegagerð sbr. lið 2. Áhersla er á að Norðfjarðargöng eru í forgangi en einnig þurfi að horfa m.a. til, Seyðisfjarðar-, Lónsheiðar og Vopnafjarðarganga.
 2. Vegagerð – nauðsynlegt er að fjárfesta í vegagerð og viðhaldi vega með sérstakri áherslu á vegi sem tengja jaðarsvæði við miðsvæði. Í forgangi er tenging syðsta hluta svæðisins við Fljótsdalshérað með uppbyggingu vegar um Öxi en fyrsti hluti þess verkefnis er vegagerð um Skriðdal og Berufjarðarbotn sem einnig nýtist vel í uppbyggingu annarra vegtenginga.
 3. Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar – mikilvægt er að kynna Egilsstaðaflugvöll sem valkost í farþega-, frakt- og ferjuflugi og sem ákjósanlegan kost til millilendinga. Áhersla er á ráðningu markaðsstjóra sem geti haldið utan um þessa kynningu.
 4. Uppbygging þekkingarsetra – styðja verður fjárhagslega við uppbyggingu þekkingarsetra í fjórðungnum og er sérstök áhersla á Jarðfræðisetur á Breiðdalsvík og Mennta- og menningarsetur á Vopnafirði.
 5. Þróun úrvinnslu á hráefnum – meginstoðir í atvinnulífi fjórðungsins er frumvinnsla á áli og sjávarafurðum. Áhersla verkefnisins er að ráða tvo verkefnisstjóra til að vinna að þróun úrvinnsluverkefna sbr. fyrirbyggjandi hugmyndir á Seyðisfirði og í Fjarðabyggð.



6. Uppbygging á Ríkharðssafni á Djúpavogi – stutt verði við frumkvæði heimamanna um uppbyggingu safns með verkum þessa merka listamanns.
7. Auðlindin hreindýr á Austurlandi – unnið verði að flutningi stjórnsýslu og að ákvarðanatöku um nýtingu hreindýrastofnsins og skipulag veiða verði á Austurlandi.

Þróunarfélagi Austurlands verði falið að útfæra ofangreindar tillögur og færa þær inn í það staðlaða form sem gert er ráð fyrir að tillögurnar skili sér í“.

GJ flutti tillögu um að liðum 1 – 2 yrði víxlað í upptalningunni. Hún borin upp og felld með 4 atkv. (ASv, VOH, SBS, PB) gegn 3 (ÞE, SB, GJ). SB gerði grein fyrir atkvæði sínu. Tillagan með áorðnum breytingum eins og hún kemur fram hér að framan borin upp og samþykkt samhljóða. GJ gerði grein fyrir atkvæði sínu og áréttaði þá skoðun sína að með þessari afgreiðslu sé stjórn SSA ekki að bregðast við eins og til var ætlast og sé jafnframt að kasta frá sér tækifæri til að hafa bein áhrif á forgangsröðun verkefna í fjórðungnum hvort heldur þau eru á sviði samgangna, menningar eða mennta.

Oddviti Fljótsdalshrepps mun í samráði við ÓÁR gera efnislegar breytingar á vinnuskjali vegna tillögu nr. 7, sem hafa ekki áhrif á val verkefnisins. Sveitarstjóri Borgarfjarðarhrepps gagnrýndi valið á framangreindum verkefnum og taldi að menn hefðu átt að ganga mun lengra og velja metnaðarfyllri og fjárfrekari verkefni, en fram koma í liðum 3 – 7.

Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 09.09. 2011 að öðru leyti staðfest.

3. Önnur mál.
Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 12:50.

Björn Hafþór Guðmundsson, fundarritari.